



## Gjaldskrá fyrir heimaþjónustu í Norðurþingi

### 1. gr.

Fyrir félagslega heimaþjónustu í Norðurþingi skal greiða gjald fyrir hverja unna vinnustund sem nemur launaflokki 126 samkvæmt samningum

**Starfsmannafélags Húsavíkur**, að viðbættu orlofi, á lagi og launatengdum gjöldum, samtals: **3. 288. kr.**

### 2.gr.

Varðandi gjaldskyldu fyrir félagslega heimaþjónustu gilda eftirfarandi

viðmiðunartekjur:

1. Undanþegnir gjaldskyldu skulu þeir sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyrir/ororkulífeyri, tekjutryggingu, heimilisuppbót og tekjutryggingarauka frá almannatryggingum. Svo og þeir sem hafa samtals tekjur innan framangreindra marka. eða **266.033, kr.**
2. Viðmiðunartekjur fyrir hjón eða sambýlisfólk með sameiginlegan fjárhag eru þær sömu og tilgreindar eru í 1. lið, margfaldaðar með 1,5 eða **399.050, kr.**
3. Tekið skal tillit til fjölda barna til 18 ára aldurs.
4. Þjónustuþegar með tekjur sem eru allt að 50 % hærri en viðmiðunartekjur

skulu greiða gjald sem nemur 1/3 af tímakaupi starfsmanns

5. Þjónustuþegar með tekjur sem eru yfir 50 % hærri en viðmiðunartekjur skulu greiða gjald sem nemur hálfu tímakaupi starfsmanns.

6. Þjónustuþegar með tekjur yfir 75 % hærri en viðmiðunartekjur, skulu greiða fullt tímakaup starfsmanns.

7. Lífeyrisþegar greiða aldrei hærra gjald fyrir félagslega heimaþjónustu en sem nemur 75 % af tekjum umfram það sem þeir fá frá Tryggingastofnun Ríkisins.

8. Viðmiðunartekjur sem nefndar eru í þessari málsgrein, hækka til jafns við hækkun bóta Tryggingastofnunar ríkisins.

9. Ekki skal telja sérstaka uppbót lífeyristrygginga vegna læknis- og lyfjakostnaðar og umönnunar- eða bensínstyrk almannatrygginga til tekna.

### **3.gr.**

Heimilt er að gefa eftir hluta greiðslu fyrir veitta félagslega heimaþjónustu eða fella greiðslu alveg niður. Skal þá farið eftir reglum um fjárhagsaðstoð.

### **4.gr.**

Tekið er tillit til fjölda barna á heimili þjónustuþega, 18 ára og yngri og skal draga meðlags upphæð frá Tryggingastofnun ríkisins **kr. 36.845. kr** frá heildartekjum þjónustuþega fyrir hvert barn, áður en reiknað er út í hvaða gjaldflokkni heimilið

lendir.

**Fullt gjald fyrir hverja unna vinnustund er kr. 3.288.- frá 01.01.2022.**

**Tekjumörk þjónustubega sem búa einir:**

**Gjalflokkur:**

Allt að 266.033 kr pr. mán	0 kr/klst
Á bilinu 266.0339 – 394.866 kr/mán	1. 011 kr/klst
Á bilinu 394.866 – 456.553 kr/mán	1.517 kr/klst
Yfir 456.553,- kr/mán	3.288 kr/klst

**Tekjumörk hjóna kr/mán.**

Allt að 399.050	0 kr/klst
Á bilinu 399.050 – 583.637 kr/mán	1.011 kr/klst
Á bilinu 583.637 – 673.330 kr/mán	1.517 kr/klst
Yfir 673.330 kr/mán	3.288 kr/klst

**Tekjumörk örorku/endurhæfingarlífeyrisþega er 266.033 pr. mán**

**Gjaldskráin gildir frá 1. janúar 2022.**

